

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2020/741

2024/EES/83/75

frá 25. maí 2020

um lágmarkskröfur vegna endurnotkunar vatns (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Vatnsauðlindir Sambandsins eru undir sífellt meira álagi sem leiðir til vatnsskorts og hnignunar vatnsgæða. Einkum eiga loftslagsbreytingar, óútreiknanleg veðurfarsmynstur og þurrkur umtalsverðan þátt í álagi á aðgengi að ferskvatni sem leiðir af þéttbýlisþróun og landbúnaði.
- 2) Hægt væri að bæta getu Sambandsins til að bregðast við auknu álagi á vatnsauðlindir með víðtækari endurnotkun á hreinsuðu skólpi, með því að takmarka töku úr yfirborðsvatnshlotum og grunnvatnshlotum, draga úr áhrifum losunar á hreinsuðu skólpi í vatnshlot og efla vatnssparnað með margs konar notkun á skólpi frá þéttbýli en tryggja um leið öfluga umhverfisvernd. Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB ⁽⁴⁾ er getið um endurnotkun vatns, ásamt því að hvatt er til notkunar á tækni sem miðar að bættri vatnsnýtingu í iðnaði og vatnssparnaði við áveitu, sem eina af þeim viðbótarráðstöfununum sem aðildarríki geta valið að beita til að ná markmiðum tilskipunarinnar um gott eigindlegt og megindlegt ástand vatns í yfirborðsvatnshlotum og grunnvatnshlotum. Samkvæmt tilskipun ráðsins 91/271/EBE ⁽⁵⁾ skal hreinsað skólp endurnotað hvenær sem það á við.
- 3) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 14. nóvember 2012, „Áætlun um að vernda vatnsauðlindir Evrópu“, er bent á að þörf er á að skapa gerning til að setja reglur um endurnotkun vatns á vettvangi Sambandsins í því skyni að fjarlægja hindranir á víðtækri notkun þess háttar valkosti til vatnsveitu, þ.e.a.s. valkosti sem getur hjálpað til við að draga úr vatnsskorti og fækka veikleikum veitukerfa.
- 4) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 18. júlí 2007 „Tekist á við áskoranir vegna vatnsskorts og þurrka í Evrópusambandinu“ er sett fram stigskipt kerfi ráðstafana sem aðildarríkin ættu að hafa í huga til að taka á vatnsskorti og þurrkum. Þar kemur fram að á svæðum þar sem allar forvarnarráðstafanir hafa verið innleiddar samkvæmt vatnsmetakerfinu (e. *water hierarchy*) og þar sem eftirspurn eftir vatni er enn meiri en tiltækileikinn geti viðbótargrunnvirki vatnsveitu í sumum tilvikum, og að teknu tilhlýðilegu tilliti til umfangs kostnaðar og ávinnings, þjónað sem annars konar nálgun til að milda áhrifin af miklum þurrkum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 177, 5.6.2020, bls. 32. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 222/2024 frá 23. september 2024 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB C 110, 22.3.2019, bls. 94.

(2) Stjtið. ESB C 86, 7.3.2019, bls. 353.

(3) Afstaða Evrópuþingsins frá 12. febrúar 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og afstaða ráðsins eftir fyrstu umræðu frá 7. apríl 2020 (Stjtið. ESB C 147, 4.5.2020, bls. 1). Afstaða Evrópuþingsins frá 13. maí 2020 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

(4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (Stjtið. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1).

(5) Tilskipun ráðsins 91/271/EBE frá 21. maí 1991 um hreinsun skólps frá þéttbýli (Stjtið. EB L 135, 30.5.1991, bls. 40).

- 5) Í ályktun sinni frá 9. október 2008 um að takast á við áskoranir vegna vatnsskorts og þurrka í Evrópusambandinu ⁽⁶⁾ rifjaði Evrópuþingið upp að nálgun með tilliti til eftirspurnar ætti að vera ákjósanlegust við stjórnun vatnsauðlinda en taldi að Sambandið ætti að samþykkja heildræna nálgun við stjórnun vatnsauðlinda sem sameinar ráðstafanir við að stjórna eftirspurn, ráðstafanir til að hámarka fyrirliggjandi auðlindir innan hringrásar vatnsins og ráðstafanir til að skapa nýjar auðlindir og að þessi nálgun þurfi að samþætta umhverfisleg, félagsleg og efnahagsleg sjónarmið.
- 6) Í orðsendingu sinni frá 2. desember 2015, „Hringnum lokað – aðgerðaáætlun ESB um hringrásarhagkerfið“, skuldbatt framkvæmdastjórnin sig til þess að grípa til raða aðgerða til að ýta undir endurnotkun á hreinsuðu skólpi, þ.m.t. að þróa tillögu að nýrri löggjöf um lágmarkskröfur vegna endurnotkunar vatns. Framkvæmdastjórnin ætti að uppfæra aðgerðaáætlun sína og halda vatnsauðlindum sem forgangssviði til að grípa inn í.
- 7) Tilgangurinn með þessari reglugerð er að stuðla að því að tekin verði upp endurnotkun á vatni, hvenær sem það á við og er kostnaðarhagkvæmt, og skapa þar með ramma til að auðvelda framkvæmdina fyrir þau aðildarríki sem óska eftir eða þurfa að endurnota vatn. Endurnotkun vatns er vænlegur kostur fyrir mörg aðildarríki en sem stendur eru það einungis fá aðildarríki sem endurnota vatn og hafa samþykkt landslökkjöf eða staðla í því tilliti. Þessi reglugerð ætti að vera nógu sveigjanleg til að unnt sé að halda áfram að endurnota vatn og tryggja um leið að það sé mögulegt fyrir önnur aðildarríki að beita þessum reglum þegar þau ákveða að innleiða þessa framkvæmd á síðara stigi. Sérhver ákvörðun um að endurnota ekki vatn ætti að vera rökstudd á viðeigandi hátt á grundvelli viðmiðananna sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og endurskoðuð reglulega.
- 8) Tilskipun 2000/60/EB veitir aðildarríkjunum nauðsynlegan sveigjanleika til að fella viðbótarráðstafanir inn í þær áætlanir um ráðstafanir sem þau samþykkja til að styrkja viðleitni sína við að ná þeim markmiðum um vatnsgæði sem eru fastsett með þeirri tilskipun. Skrá, sem er ekki tæmandi, yfir viðbótarráðstafanir, sem er að finna í B-hluta VI. viðauka við tilskipun 2000/60/EB, inniheldur m.a. ráðstafanir varðandi endurnotkun vatns. Í þessu samhengi og í samræmi við stigskipt kerfi ráðstafana sem aðildarríki gætu tekið til athugunar til að taka á vatnsskorti og þurrkum og sem hvetur til ráðstafana sem eru allt frá því að spara vatn yfir í stefnu í vatnsverðlagsmálum og staðgöngulausnir, og að teknu tilhlýðilegu tilliti umfangs kostnaðar og ávinnings, ættu lágmarkskröfur vegna endurnotkunar vatns, eins og fastsett er með þessari reglugerð, alltaf að gilda þegar hreinsað skólp frá þéttbýli, frá skólphreinsistöðvum sem hreinsa skólp frá þéttbýli í samræmi við tilskipun 91/271/EBE, er endurnotað til áveitu í landbúnaði.
- 9) Endurnotkun skólps sem hefur verið hreinsað á tilhlýðilegan hátt, t.d. frá skólphreinsistöðvum sem hreinsa skólp frá þéttbýli, telst hafa minni umhverfisáhrif en aðrar staðgönguaðferðir við vatnsveitu, s.s. vatnsflutningur eða afsöltun. Þó á slík endurnotkun vatns, sem gæti dregið úr vatnssóun og sparað vatn, sér einungis stað að takmörkuðu leyti í Sambandinu. Þetta virðist að hluta til stafa af verulegum kostnaði við kerfi til að endurnota skólp og skorti á sameiginlegum umhverfis- og heilbrigðiskröfum í tengslum við endurnotkun vatns í Sambandinu ásamt, að því er varðar einkum landbúnaðarafurðir, hugsanlegri heilbrigðis- og umhverfisáhættu og hugsanlegum hindrunum á frjálsum flutningi slíkra afurða sem hafa verið vökvaðar með endurheimtu vatni.
- 10) Heilbrigðiskröfur í tengslum við hollustuhætti á sviði matvæla að því er varðar landbúnaðarafurðir sem hafa verið vökvaðar með endurheimtu vatni er einungis unnt að uppfylla ef gæðakröfur varðandi endurnýtt vatn, sem er ætlað til áveitu í landbúnaði, eru ekki mjög mismunandi í aðildarríkjunum. Samræming krafna myndi einnig stuðla að skilvirkri starfsemi innri markaðarins í tengslum við slíkar afurðir. Því er rétt að innleiða lágmarkssamræmingu með því að fastsetja lágmarkskröfur vegna vatnsgæða og vöktunar. Þessar lágmarkskröfur ættu að samanstanda af lágmarksbreytum fyrir endurheimt vatn, sem byggjast á tækniskýrslum sameiginlegrar rannsóknarmiðstöðvar framkvæmdastjórnarinnar og endurspegla alþjóðlega staðla fyrir endurnotkun vatns, og öðrum strangari kröfum eða viðbótarkröfum um gæði sem lögbær yfirvöld leggja á, ef nauðsyn krefur, ásamt hvers konar forvarnarráðstöfunum sem skipta máli.
- 11) Endurnotkun vatns til áveitu í landbúnaði getur einnig stuðlað að því að efla hringrásarhagkerfið með því að endurheimta næringarefni úr endurheimtu vatni og nota þau á nytjaplöntum með áburðarvökvunartækni. Þannig getur endurnotkun vatns hugsanlega dregið úr þörf fyrir að bera á jarðefnaáburð til viðbótar. Upplýsa ætti endanlega notendur um næringarefnainnihald endurheimts vatns.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB C 9 E, 15.1.2010, bls. 33.

- 12) Endurnotkun vatns getur stuðlað að endurheimt næringarefna sem er að finna í hreinsuðu skólpi frá þéttbýli og notkun á endurheimtu vatni til áveitu í landbúnaði eða skógrækt getur verið leið til að skila næringarefnum, s.s. köfnunarefni, fosfór og kalíumi, aftur í náttúrulegar líffjarðefnafræðilegar hringrásir.
- 13) Komið hefur í ljós að miklar fjárfestingar sem þörf er á til að uppfæra skólphreinsistöðvar sem hreinsa skólp frá þéttbýli og vöntun á fjárhagslegri hvatningu til að endurnota vatn í landbúnaði eru meðal ástæðna fyrir því hversu lítið er um að endurnotkun vatns hafi verið tekin upp í Sambandinu. Það ætti að vera mögulegt að leysa þessi mál með því að efla nýsköpunaráætlanir og efnahagshvata til að taka viðeigandi tillit til þessa kostnaðar og félagslegs og hagræns ávinnings af því að endurnota vatn.
- 14) Fylgni við lágmarkskröfur vegna endurnotkunar vatns ætti að vera í samræmi við stefnu Sambandsins í vatnsmálum og stuðla að því að heimsmarkmiðin í áætlun Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun til ársins 2030 náist, einkum 6. markmiðið, til að tryggja tiltækileika og sjálfbæra stjórnun vatns og heilbrigðisráðstafana fyrir alla sem og verulega aukningu í endurvinnslu á vatni og örugga endurnotkun vatns á hnattræna vísu með það fyrir augum að ná 12. heimsmarkmiði Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra neyslu og framleiðslu. Enn fremur ætti í þessari reglugerð að leitast við að tryggja beitingu 37. gr. um umhverfisvernd í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.
- 15) Í sumum tilvikum flytja stjórnendur endurheimtarstöðva ennþá og geyma endurheimt vatn utan úttaks endurheimtarstöðvarinnar áður en þeir afgreiða það til næsta aðila í keðjunni, s.s. stjórnanda dreifingar á endurheimtu vatni, stjórnanda geymslu á endurheimtu vatni eða endanlegs notanda. Nauðsynlegt er að skilgreina staðinn þar sem kröfurnar eru uppfylltar (e. *point of compliance*), skýra nánar hvar ábyrgð stjórnanda endurheimtarstöðvarinnar tekur enda og hvar ábyrgð næsta aðila í keðjunni hefst.
- 16) Áhættustjórnun ætti að samanstanda af greiningu og stjórnun áhættu með fyrirbyggjandi hætti og ætti að innihalda þá nálgun að framleiða endurheimt vatn af tilteknum gæðum sem krafist er vegna tiltekinnar notkunar. Áhættumat ætti að byggjast á lykilkáttum áhættustjórnunar og ætti að innihalda upplýsingar um hvers konar viðbótarkröfur um vatnsgæði sem eru nauðsynlegar til að tryggja fullnægjandi vernd umhverfisins og heilbrigðis manna og dýra. Í þessu skyni ættu áætlanir um áhættustjórnun vegna endurnotkunar vatns að tryggja að endurheimt vatn sé notað og því stjórnað með öruggum hætti og að engin áhætta sé á ferðum fyrir umhverfið eða fyrir heilbrigði manna eða dýra. Í því skyni að þróa slíkar áætlanir um áhættustjórnun er hægt að nota fyrirbyggjandi alþjóðlegar leiðbeiningar eða staðla, s.s. ISO 20426:2018 Guidelines for health risk assessment and management for non-potable water reuse, ISO 16075:2015 Guidelines for treated waste water use for irrigation projects eða leiðbeiningar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.
- 17) Mælt er fyrir um kröfur um gæði neysluvatns í tilskipun ráðsins 98/83/EB (7). Aðildarríkin ættu að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að starfsemi tengd endurnotkun vatns leiði ekki til þess að gæði neysluvatns minnki. Af þessum sökum ætti að gefa sérstakan gaum að því í áætlun um áhættustjórnun vegna endurnotkunar vatns að vernda vatnshlot sem eru notuð til neysluvatnstöku og viðkomandi verndarsvæði.
- 18) Samstarf og samskipti milli ýmissa aðila sem taka þátt í vatnsendurheimtarferlinu ætti að vera forsendan fyrir því að fastsetja hreinsunaraðferðir til endurheimtar í samræmi við kröfur vegna tiltekinnar notkunar og til þess að geta skipulagt afhendingu á endurheimtu vatni í samræmi við eftirspurn endanlegra notenda.
- 19) Til að stjórnendur endurheimtarstöðva geti verndað umhverfið og heilbrigði manna og dýra með skilvirkum hætti ættu þeir að bera höfuðábyrgðina á gæðum endurheimts vatns á staðnum þar sem kröfurnar eru uppfylltar. Í þeim tilgangi að uppfylla lágmarkskröfur, sem mælt er fyrir um samkvæmt þessari reglugerð, og hvers konar viðbótarskilyrði sem lögbært yfirvald ákvarðar ættu stjórnendur endurheimtarstöðva að vakta gæði endurheimts vatns. Því er rétt að fastsetja lágmarkskröfur vegna vöktunar sem samanstanda af tíðni venjubundinnar vöktunar og tímasetningu og frammistöðumarkmiðum fyrir sannreyningarvöktun. Í tilskipun 91/271/EBE er kveðið á um tilteknar kröfur er varða venjubundna vöktun.

(7) Tilskipun ráðsins 98/83/EB frá 3. nóvember 1998 um gæði neysluvatns (Stjtið. EB L 330, 5.12.1998, bls. 32).

- 20) Þessi reglugerð ætti að ná yfir endurheimt vatn sem fæst úr skólpi, sem var safnað í safnræsi, sem var hreinsað í skólphreinsistöðvum sem hreinsa skólp frá þéttbýli, í samræmi við tilskipun 91/271/EBE, og sem fer í frekari hreinsun, annaðhvort í skólphreinsistöðinni sem hreinsar skólp frá þéttbýli eða í endurheimtarstöð, til þess að það sé í samræmi við breyturnar sem settar eru fram í I. viðauka við þessa reglugerð. Í samræmi við tilskipun 91/271/EBE þurfa þéttbýlisstaðir með færri en 2000 íbúa ekki að vera með safnræsi. Þó ætti skólp, sem fer í safnræsi, frá þéttbýlisstöðum með færri en 2000 íbúa að fá viðeigandi hreinsun áður en það er losað í ferskvatn eða ármynni í samræmi við tilskipun 91/271/EBE. Í því samhengi ætti skólp frá þéttbýlisstöðum með færri en 2000 íbúa einungis að falla undir gildissvið þessarar reglugerðar þegar það fer í safnræsi og er hreinsað í skólphreinsistöð sem hreinsar skólp frá þéttbýli. Á sama hátt ætti þessi reglugerð ekki að varða lífbrjótanlegt iðnaðarskólp frá stöðvum sem tilheyra iðnaðargeirunum sem eru tilgreindir í III. viðauka við tilskipun 91/271/EBE nema skólpið frá þessum stöðvum fari í safnræsi og sé hreinsað í skólphreinsistöð sem hreinsar skólp frá þéttbýli.
- 21) Endurnotkun á hreinsuðu skólpi frá þéttbýli til áveitu í landbúnaði er markaðsdrifin aðgerð sem byggist á eftirspurn og þörfum landbúnaðargeirans, einkum í tilteknum aðildarríkjum sem standa frammi fyrir vatnsauðlindaskorti. Stjórnendur endurheimtarstöðva og endanlegir notendur ættu að starfa saman til að tryggja að endurheimt vatn, sem er framleitt í samræmi við lágmarkskröfur um gæði sem eru fastsettar með þessari reglugerð, uppfylli þarfir endanlegra notenda að því er varðar nytjaplöntuflokka. Í tilvikum þar sem gæðaflokkar vatnsins, sem stjórnendur endurheimtarstöðva framleiða, eru ekki samrýmanlegir við nytjaplöntuflokk og aðferð við áveitu sem þegar eru fyrir hendi á svæðinu sem þjónað er, t.d. í sameiginlegu veitukerfi, er hægt að uppfylla kröfur um vatnsgæði með því að nota nokkra vatnshreinsunarmöguleika á síðari stigum, eina og sér eða í samsetningu með möguleikum án hreinsunar, fyrir endurheimta vatnið í samræmi við aðferðina með mörgum tálum (e. *multi-barrier approach*).
- 22) Til að tryggja ákjósanlegustu endurnotkunina á skólpauðlindum frá þéttbýli ættu endanlegir notendur að hljóta þjálfun til að tryggja að þeir noti vatn í viðeigandi gæðaflokki fyrir endurheimt vatn. Þegar ekki er vitað hvernig tiltekin tegund nytjaplantna verður notuð eða ef notkunin verður margþætt ætti að nota endurheimt vatn í hæsta gæðaflokki nema viðeigandi tálmar séu notaðir sem gera það kleift að ná tilskildum gæðum.
- 23) Nauðsynlegt er að tryggja að notkun á endurheimtu vatni sé örugg og hvetja þar með til endurnotkunar vatns á vettvangi Sambandsins og auka tiltrú almennings á henni. Því ætti einungis að heimila framleiðslu og afhendingu á endurheimtu vatni til áveitu í landbúnaði á grundvelli leyfis sem lögbær yfirvöld aðildarríkjanna veita. Til að tryggja samhæfða nálgun á vettvangi Sambandsins, rekjanleika endurheimts vatns og gagnsæi ætti að mæla fyrir um efnisreglur er varða slík leyfi á vettvangi Sambandsins. Þó ættu aðildarríkin að ákvarða nánar málsmæðferðarreglur við veitingu leyfa, s.s. tilnefningu lögbærra yfirvalda og fresti. Aðildarríkin ættu að geta beitt fyrirbyggjandi málsmæðferðarreglum við veitingu leyfa sem ætti að aðlaga til að taka til greina þær kröfur sem eru innleiddar með þessari reglugerð. Þegar aðildarríkin tilnefna aðila sem bera ábyrgð á að semja áætlun um áhættustjórnun vegna endurnotkunar vatns og lögbært yfirvald til að veita leyfi fyrir framleiðslu og afhendingu á endurheimtu vatni ættu þau að tryggja að ekki sé um neina hagsmunaárekstra að ræða.
- 24) Ef þörf er á stjórnanda dreifingar á endurheimtu vatni og stjórnanda geymslu á endurheimtu vatni ætti að vera mögulegt að gera þá kröfu að slíkir stjórnendur séu með leyfi. Ef allar kröfur til að fá leyfi eru uppfylltar ætti lögbært yfirvald í aðildarríki að veita leyfi sem inniheldur öll nauðsynleg skilyrði og ráðstafanir sem eru fastsett í áætlun um áhættustjórnun vegna endurnotkunar vatns.
- 25) Að því er varðar þessa reglugerð ætti að vera mögulegt að aðgerðir til hreinsunar og aðgerðir til að endurheimta skólp frá þéttbýli fari fram á sama stað með því að nota sömu aðstöðuna eða aðstöðu á mismunandi stöðum. Þar að auki ætti að vera mögulegt að sami aðilinn sé bæði stjórnandi hreinsistöðvarinnar og stjórnandi endurheimtarstöðvarinnar.
- 26) Lögbær yfirvöld ættu að sannprófa að endurheimt vatn sé í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í viðkomandi leyfi. Ef um er að ræða tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum ættu þessi yfirvöld að gera þá kröfu að ábyrgir aðilar geri nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að endurheimt vatn sé í samræmi við tilskilin ákvæði. Stöðva ætti afhendingu endurheimts vatns tímabundið ef tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum veldur verulegri áhættu fyrir umhverfið eða fyrir heilbrigði manna eða dýra.

- 27) Ákvæði þessarar reglugerðar eru ætluð til viðbótar við kröfurnar í annarri löggjöf Sambandsins, einkum að því er varðar hugsanlegar áhættur fyrir heilbrigði og umhverfi. Til þess að tryggja heildræna nálgun að því að takast á við hugsanlega áhættu fyrir umhverfið og fyrir heilbrigði manna og dýra ættu stjórnendur endurheimtarstöðva og lögbær yfirvöld að taka tillit til krafanna sem mælt er fyrir um í annarri viðeigandi löggjöf Sambandsins, einkum í tilskipunum ráðsins 86/278/EBE⁽⁸⁾ og 91/676/EBE⁽⁹⁾, tilskipunum 91/271/EBE, 98/83/EB og 2000/60/EB, reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002⁽¹⁰⁾, (EB) nr. 852/2004⁽¹¹⁾, (EB) nr. 183/2005⁽¹²⁾, (EB) nr. 396/2005⁽¹³⁾ og (EB) nr. 1069/2009⁽¹⁴⁾, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2006/7/EB⁽¹⁵⁾, 2006/118/EB⁽¹⁶⁾, 2008/105/EB⁽¹⁷⁾ og 2011/92/ESB⁽¹⁸⁾ og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005⁽¹⁹⁾, (EB) nr. 1881/2006⁽²⁰⁾ og (ESB) nr. 142/2011⁽²¹⁾.
- 28) Í reglugerð (EB) nr. 852/2004 er mælt fyrir um almennar reglur fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja og hún nær yfir framleiðslu, vinnslu, dreifingu og setningu matvæla, sem eru ætluð til manneldis, á markað. Sú reglugerð fjallar um hollustu matvæla og ein af helstu meginreglunum í henni er sú að frumábyrgð á öryggi matvæla hvílir á stjórnanda matvælafyrirtækisins. Sú reglugerð er einnig studd af nákvæmum leiðbeiningum. Að því er þetta varðar er tilkynning framkvæmdastjórnarinnar um leiðbeiningarskjal til að takast á við örverufræðilega áhættu í nýjum aldinum og grænmeti í frumframleiðslu með góðum hollustuháttum sérlega mikilvæg. Lágmarkskröfur vegna endurheimts vatns, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, koma ekki í veg fyrir að stjórnendur matvælafyrirtækja nái fram þeim vatnsgæðum sem krafist er til að fara að reglugerð (EB) nr. 852/2004 með því að nota nokkra vatnshreinsunarmöguleika á síðari stigum, eina og sér eða í samsetningu með möguleikum án hreinsunar.
- 29) Það felast miklir möguleikar í endurvinnslu og endurnotkun á hreinsuðu skólpi. Með það fyrir augum að efla og hvetja til endurnotkunar vatns ættu ábendingar um tiltekna notkun í þessari reglugerð ekki að koma í veg fyrir að aðildarríki heimili notkun á endurheimtu vatni í öðrum tilgangi, þ.m.t. til iðnaðar-, afþreyingar- eða umhverfisnota, eins og telst nauðsynlegt í ljósi landsbundinna aðstæðna og þarfa, að því tilskildu að öflug vernd fyrir umhverfið og fyrir heilbrigði manna og dýra sé tryggð.

⁽⁸⁾ Tilskipun ráðsins 86/278/EBE frá 12. júní 1986 um verndun umhverfisins, einkum jarðvegs, þegar seyra frá skólphreinsistöðvum er notuð í landbúnaði (Stjtið. EB L 181, 4.7.1986, bls. 6).

⁽⁹⁾ Tilskipun ráðsins 91/676/EBE frá 12. desember 1991 um verndun vatns gegn mengun af völdum nitrata úr landbúnaði (Stjtið. EB L 375, 31.12.1991, bls. 1).

⁽¹⁰⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

⁽¹¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli (Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1).

⁽¹²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005 frá 12. janúar 2005 um kröfur varðandi hollustuhætti sem varða fóður (Stjtið. ESB L 35, 8.2.2005, bls. 1).

⁽¹³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1).

⁽¹⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) (Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1).

⁽¹⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/7/EB frá 15. febrúar 2006 um stjórnun gæða vatns til baða og um niðurfellingu tilskipunar 76/160/EBE (Stjtið. ESB L 64, 4.3.2006, bls. 37).

⁽¹⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/118/EB frá 12. desember 2006 um verndun grunnvatns gegn mengun og spillingu (Stjtið. ESB L 372, 27.12.2006, bls. 19).

⁽¹⁷⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/105/EB frá 16. desember 2008 um umhverfisgæðakröfur að því er varðar stefnu í vatnsmálum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 82/176/EBE, 83/513/EBE, 84/156/EBE, 84/491/EBE og 86/280/EBE og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB (Stjtið. ESB L 348, 24.12.2008, bls. 84).

⁽¹⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/92/ESB frá 13. desember 2011 um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið (Stjtið. ESB L 26, 28.1.2012, bls. 1).

⁽¹⁹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 frá 15. nóvember 2005 um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli (Stjtið. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 1).

⁽²⁰⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum (Stjtið. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5).

⁽²¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðisefirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjtið. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

- 30) Lögbær yfirvöld ættu að starfa með öðrum viðkomandi yfirvöldum, með upplýsingaskiptum, til þess að tryggja að farið sé að viðeigandi kröfum Sambandsins og landskröfum.
- 31) Til að auka tiltrú á endurnotkun vatns ætti að veita almenningi upplýsingar. Það að gera skýrar, yfirgripsmiklar og uppfærðar upplýsingar um endurnotkun vatns aðgengilegar gerir kleift að auka gagnsæi og rekjanleika og gæti einnig komið að tilteknu gagni fyrir önnur viðeigandi yfirvöld sem sértæk endurnotkun vatns skiptir máli fyrir. Í því skyni að hvetja til endurnotkunar vatns og með það fyrir augum að gera hagsmunaaðilum grein fyrir ávinningnum af endurnotkun vatns og efla þar með sátt um hana ættu aðildarríki að tryggja að upplýsingaherferðir og herferðir til vitundarvakningar, aðlagðar að umfangi endurnotkunar vatns, séu mótaðar.
- 32) Menntun og þjálfun endanlegra notenda skipta höfuðmáli sem liður í að koma forvarnarráðstöfunum í framkvæmd og viðhalda þeim. Í áætlun um áhættustjórnun vegna endurnotkunar vatns ætti að taka til athugunar sérstakar forvarnarráðstafanir vegna váhrifa á menn, s.s. notkun persónuhlífa, handþvott og persónulegt hreinlæti.
- 33) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB⁽²²⁾ miðar að því að tryggja rétt til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál í aðildarríkjunum í samræmi við samninginn um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum⁽²³⁾ („Árósasamningurinn“). Í tilskipun 2003/4/EB er mælt fyrir um viðtækar skuldbindingar sem tengjast því að láta upplýsingar um umhverfismál í té samkvæmt beiðni og að miðla slíkum upplýsingum á virkan hátt. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB⁽²⁴⁾ nær yfir samnýtingu landupplýsinga, þ.m.t. gagnasöfn um mismunandi umhverfisatriði. Mikilvægt er að ákvæði þessarar reglugerðar, sem tengjast aðgangi að upplýsingum og fyrirkomulagi gagnasamnýtingar, komi til viðbótar við þessar tilskipanir en skapi ekki aðskildar lagareglur. Þess vegna ættu ákvæðin í þessari reglugerð, sem varða upplýsingar til almennings og upplýsingar um vöktun framkvæmdar, ekki að hafa áhrif á tilskipanir 2003/4/EB og 2007/2/EB.
- 34) Gögn sem aðildarríki láta í té eru nauðsynleg til að gera framkvæmdastjórninni kleift að vakta og meta þessa reglugerð í tengslum við markmiðin sem leitast er við að ná með henni.
- 35) Samkvæmt 22. mgr. samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016⁽²⁵⁾ ætti framkvæmdastjórnin að inna af hendi mat á þessari reglugerð. Þetta mat ætti að byggjast á viðmiðununum fimm um skilvirkni, árangur, mikilvægi, samræmi og virðisauka Sambandsins og liggja til grundvallar mati á áhrifum hugsanlegra frekari ráðstafana. Í matinu ætti að taka tillit til framfara í vísindum, einkum að því er varðar hugsanleg áhrif efna sem gefa tilefni til áhyggna.
- 36) Lágmarkskröfur vegna öruggrar endurnotkunar á hreinsuðu skólpi frá þéttbýli endurspeгла fyrirbyggjandi vísindalega þekkingu og alþjóðlega viðurkenndar kröfur og framkvæmd varðandi endurnotkun vatns og eru trygging fyrir því að hægt sé að nota slíkt vatn til áveitu í landbúnaði með öruggum hætti sem tryggir þar með öfluga vernd fyrir umhverfið og fyrir heilbrigði manna og dýra. Í ljósi niðurstaðna úr mati á þessari reglugerð eða hvenær sem ný vísindaleg þróun og tækniframfarir útheimta slíkt ætti framkvæmdastjórnin að geta kannað þörfina á að endurskoða lágmarkskröfurnar sem settar eru fram í 2. þætti I. viðauka og ætti, eftir því sem við á, að leggja fram tillögu að nýrri löggjöf til að breyta þessari reglugerð.
- 37) Í því skyni að aðlagða lykilþætti áhættustjórnunar að framförum í tækni og vísindum ætti að veita framkvæmdastjórninni vald til að samþykka gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, til að breyta þeim lykilþáttum áhættustjórnunar sem kveðið er á um í þessari reglugerð. Til að tryggja öfluga vernd fyrir umhverfið og fyrir heilbrigði manna og dýra ætti framkvæmdastjórnin einnig að geta samþykkt framseldar gerðir til að bæta við lykilþætti áhættustjórnunar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, með því að mæla fyrir um tækniforskriftir. Einkar mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana

⁽²²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EEB (Stjtið. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26).

⁽²³⁾ Stjtið. ESB L 124, 17.5.2005, bls. 4.

⁽²⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) (Stjtið. ESB L 108, 25.4.2007, bls. 1).

⁽²⁵⁾ Stjtið. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016. Einkum, í því skyni að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða, fá Evrópuþingið og ráðið öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.

- 38) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að samþykkja ítarlegar reglur sem varða snið og framsetningu upplýsinga sem tengjast vöktun á framkvæmd þessarar reglugerðar, sem aðildarríkin skulu láta í té, og að því er varðar snið og framsetningu yfirlits, sem tekur til alls Sambandsins, sem Umhverfisstofnun Evrópu tekur saman. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽²⁶⁾.
- 39) Markmiðið með þessari reglugerð er m.a. að vernda umhverfið og heilbrigði manna og dýra. Eins og Evrópuðómstóllinn hefur margsinnt bent á þá myndi það ekki samrýmast þeim bindandi áhrifum sem tilskipun hefur, samkvæmt þriðju málsgrein 288. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að undanskilja í grundvallaratriðum þann möguleika að aðilar sem málið varðar geti stuðst við þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í tilskipun. Þetta atriði á einnig við að því er varðar reglugerð sem hefur það markmið að tryggja að endurheimt vatn sé öruggt til áveitu í landbúnaði.
- 40) Aðildarríki ættu að mæla fyrir um reglur um viðurlög sem gilda um brot á þessari reglugerð og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin ættu að vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif.
- 41) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að vernda umhverfið og heilbrigði manna og dýra, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs þess og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.
- 42) Nauðsynlegt er að kveða á um nægan tíma fyrir aðildarríkin til að koma á stjórnskipulagi sem er nauðsynlegt vegna beitingar þessarar reglugerðar sem og fyrir stjórnendur til að undirbúa sig fyrir beitingu nýju reglnanna.
- 43) Með það fyrir augum að þróa og efla endurnotkun skólps, sem hefur verið hreinsað á tilhlýðilegan hátt, eins mikið og mögulegt er og til þess að ná fram umtalsverðum umbótum á áreiðanleika skólps, sem hefur verið hreinsað á tilhlýðilegan hátt, og á framkvæmanlegum notkunaraðferðum ætti Sambandið að styðja rannsóknir og þróun á þessu sviði gegnum áætlunina Horizon Europe.
- 44) Í þessari reglugerð er leitast við að hvetja til sjálfbærrar vatnsnotkunar. Með þetta markmið í huga ætti framkvæmdastjórnin að takast á hendur að nota áætlanir Sambandsins, þ.m.t. LIFE-áætlunin, til að styðja staðbundin framtaksvæðingarnar sem ná yfir endurnotkun á skólpi sem hefur verið hreinsað á tilhlýðilegan hátt.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og markmið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um lágmarkskröfur vegna vatnsgæða og vöktunar og ákvæði um áhættustjórnun fyrir örugga notkun á endurheimtu vatni í tengslum við samþætta vatnsstjórnun.

⁽²⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

2. Tilgangurinn með þessari reglugerð er að tryggja að endurheimt vatn sé öruggt til áveitu í landbúnaði og tryggja þar með öfluga vernd fyrir umhverfið og fyrir heilbrigði manna og dýra, efla hringrásarhagkerfið, styðja aðlögun að loftslagsbreytingum og stuðla að markmiðunum í tilskipun 2000/60/EB með því að takast á við vatnsskort og álag á vatnsauðlindir sem af því leiðir á samræmdan hátt alls staðar í Sambandinu og stuðla þar með einnig að skilvirkri starfsemi innri markaðarins.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir hvenær sem hreinsað skólp frá þéttbýli er endurnotað, í samræmi við 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 91/271/EBE, til áveitu í landbúnaði eins og nánar er tilgreint í 1. þætti I. viðauka við þessa reglugerð.

2. Aðildarríki getur ákveðið að það sé ekki hentugt að endurnota vatn til áveitu í landbúnaði í einu eða fleiri vatnasviðaumdæmum þess eða hlutum þess, að teknu tilliti til eftirfarandi viðmiðana:

- a) landfræðilegra skilyrða og loftslagsskilyrða í umdæminu eða hlutum þess,
- b) álags á og stöðu annarra vatnsauðlinda, þ.m.t. magnstaða grunnvatnshlota eins og um getur í tilskipun 2000/60/EB,
- c) álags á og stöðu yfirborðsvatnshlota sem hreinsað skólp frá þéttbýli er losað í,
- d) umhverfiskostnaðar og auðlindatengds kostnaðar við endurheimt vatn og aðrar vatnsauðlindir.

Sérhver ákvörðun sem tekin er samkvæmt fyrstu undirgrein skal rökstudd á viðeigandi hátt á grundvelli viðmiðananna sem um getur í þeirri undirgrein og lögð fyrir framkvæmdastjórnina. Hún skal endurskoðuð eins og nauðsyn krefur, einkum að teknu tilliti til spáa um loftslagsbreytingar og landsbundinna stefnuáætlanir um aðlögun að loftslagsbreytingum, og á a.m.k. sex ára fresti, að teknu tilliti til stjórnunaráætlana fyrir vatnasviðaumdæmi sem komið er á fót samkvæmt tilskipun 2000/60/EB.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. mega rannsóknar- eða tilraunaverkefni í tengslum við endurheimtarstöðvar vera undanþegin þessari reglugerð ef lögbært yfirvald gengur úr skugga um að eftirfarandi viðmiðanir séu uppfylltar:

- a) rannsóknar- eða tilraunaverkefnið verður ekki innt af hendi innan vatnshlots sem er notað til neysluvatnstöku eða viðkomandi verndarsvæðis sem er tilnefnt samkvæmt tilskipun 2000/60/EB,
- b) rannsóknar- eða tilraunaverkefnið verður vaktað á viðeigandi hátt.

Allar undanþágur samkvæmt þessari málsgrein skulu takmarkast við tímabil sem er í mesta lagi fimm ár.

Ekki skal setja nytjaplöntur, sem verða til vegna rannsókna- eða tilraunaverkefnis sem nýtur undanþágu samkvæmt þessari málsgrein, á markað.

4. Þessi reglugerð gildir með fyrirvara um reglugerð (EB) nr. 852/2004 og kemur ekki í veg fyrir að stjórnendur matvæla- og fæðufyrirtækja nái fram þeim vatnsgæðum sem krafist er til að fara að þeirri reglugerð með því að nota nokkra vatnshreinsunarmöguleika á síðari stigum, eina og sér eða í samsetningu með möguleikum án hreinsunar, eða noti annars konar vatnslindir fyrir áveitu í landbúnaði.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „lögbært yfirvald“: yfirvald eða aðili sem aðildarríki tilnefnir til að sinna skyldum þess samkvæmt þessari reglugerð að því er varðar veitingu leyfa til að framleiða eða afhenda endurheimt vatn, að því er varðar undanþágur vegna rannsókna- eða tilraunaverkefna og að því er varðar eftirlit með því að farið sé að tilskildum ákvæðum,
- 2) „endanlegur notandi“: einstaklingur eða lögaðili, annaðhvort opinber aðili eða einkaaðili, sem notar endurheimt vatn til áveitu í landbúnaði,

- 3) „skólp frá þéttbýli“: skólp frá þéttbýli eins og það er skilgreint í 1. lið 2. gr. tilskipunar 91/271/EBE,
- 4) „endurheimt vatn“ skólp frá þéttbýli sem hefur verið hreinsað í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í tilskipun 91/271/EBE og sem verður til eftir frekari hreinsun í endurheimtarstöð í samræmi við 2. þátt I. viðauka við þessa reglugerð,
- 5) „endurheimtarstöð“: skólphreinsistöð sem hreinsar skólp frá þéttbýli eða önnur stöð sem hreinsar skólp frá þéttbýli enn meira, sem samræmist kröfunum sem settar eru fram í tilskipun 91/271/EBE, til að framleiða vatn sem er hæft til notkunar sem er tilgreind í 1. þætti I. viðauka við þessa reglugerð,
- 6) „stjórnandi endurheimtarstöðvar“: einstaklingur eða lögaðili sem er í forsvari fyrir einkaaðila eða opinbert yfirvald sem rekur eða stjórnar endurheimtarstöð,
- 7) „hætta“: líffræðilegir, efnafræðilegir, eðlisfræðilegir eða geislunarfræðilegir orsakavaldar sem geta hugsanlega valdið skaða fyrir fólk, dýr, ræktun eða plöntur, annað lífríki á landi, lífríki í vatni, jarðveg eða umhverfið almennt,
- 8) „áhætta“: líkurnar á því að tilgreind hætta valdi skaða innan tilgreinds tímaramma, þ.m.t. alvarleiki afleiðinganna,
- 9) „áhættustjórnun“: kerfisbundin stjórnun sem tryggir með samræmdum hætti að endurnotkun vatns sé örugg í tilteknu samhengi,
- 10) „forvarnarráðstafanir“: viðeigandi aðgerð eða starfsemi sem getur komið í veg fyrir eða útrýmt heilbrigðis- eða umhverfisáhættu eða sem getur dregið út slíkri áhættu svo að hún verði ekki meiri en svo að við megi una,
- 11) „staðurinn þar sem kröfurnar eru uppfylltar“: staðurinn þar sem stjórnandi endurheimtarstöðvar afhendir næsta aðila í keðjunni endurheimt vatn,
- 12) „tálmi“: sérhver aðferð, þ.m.t. efnisleg eða vinnslutengd þrep eða skilyrði fyrir notkun, sem dregur úr eða kemur í veg fyrir áhættu á sýkingu í mönnum með því að koma í veg fyrir að endurheimt vatn komist í snertingu við vörur sem á að neyta og við einstaklinga sem komast í snertingu við það með beinum hætti eða aðrar aðferðir sem t.d. draga úr styrk örvera í endurheimtu vatni eða koma í veg fyrir að þær lifi í vörum sem á að neyta,
- 13) „leyfi“: skrifleg heimild sem lögbært yfirvald gefur út fyrir því að framleiða eða afhenda endurheimt vatn til áveitu í landbúnaði í samræmi við þessa reglugerð,
- 14) „ábyrgur aðili“: aðili sem sinnir hlutverki eða starfsemi í kerfinu til að endurnota vatn, þ.m.t. stjórnandi endurheimtarstöðvar, stjórnandi skólphreinsistöðvar sem hreinsar skólp frá þéttbýli ef hann er ekki sá sami og stjórnandi endurheimtarstöðvar, viðkomandi yfirvald annað en tilnefnt lögbært yfirvald, stjórnandi dreifingar á endurheimtu vatni eða stjórnandi geymslu á endurheimtu vatni,
- 15) „kerfi til að endurnota vatn“: grunnvirki og aðrir tæknilegir þættir sem eru nauðsynlegir til að framleiða, afhenda og nota endurheimt vatn; það nær yfir alla þætti frá komustað í skólphreinsistöð sem hreinsar skólp frá þéttbýli að staðnum þar sem endurheimt vatn er notað til áveitu í landbúnaði, þ.m.t. grunnvirki fyrir dreifingu og geymslu, ef við á.

4. gr.

Skyldur stjórnanda endurheimtarstöðvar og skyldur að því er varðar gæði endurheimts vatns

1. Stjórnandi endurheimtarstöðvar skal tryggja að á staðnum, þar sem kröfurnar eru uppfylltar, uppfylli endurheimt vatn, sem er ætlað til áveitu í landbúnaði eins og tilgreint er í 1. þætti I. viðauka, eftirfarandi:

- a) lágmarkskröfur vegna vatnsgæða sem mælt er fyrir um í 2. þætti I. viðauka,
- b) öll viðbótarskilyrði sem lögbært yfirvald setur í viðkomandi leyfi skv. c- og d-lið 3. mgr. 6. gr. að því er varðar vatnsgæði.

Aftan við staðinn þar sem kröfurnar eru uppfylltar skulu gæði vatnsins ekki vera lengur á ábyrgð stjórnanda endurheimtarstöðvarinnar.

2. Til að tryggja að farið sé að tilskildum ákvæðum, í samræmi við 1. mgr., skal stjórnandi endurheimtarstöðvar vakta vatnsgæði í samræmi við eftirfarandi:

- a) ákvæði 2. þátta I. viðauka,

- b) öll viðbótarskilyrði sem lögbært yfirvald setur í viðkomandi leyfi skv. c- og d-lið 3. mgr. 6. gr. að því er varðar vöktun.

5. gr.

Áhættustjórnun

1. Að því er varðar framleiðslu, afhendingu og notkun á endurheimtu vatni skal lögbært yfirvald tryggja að áætlun um áhættustjórnun vegna endurnotkunar vatns sé komið á fót.

Ein áætlun um áhættustjórnun vegna endurnotkunar vatns getur náð yfir eitt eða fleiri kerfi til að endurnota vatn.

2. Stjórnandi endurheimtarstöðvar, aðrir ábyrgir aðilar og endanlegir notendur, eins og við á, skulu útbúa áætlun um áhættustjórnun vegna endurnotkunar vatns. Ábyrgir aðilar, sem semja áætlun um áhættustjórnun vegna endurnotkunar vatns, skulu hafa samráð við alla aðra viðkomandi ábyrga aðila og endanlega notendur, eins og við á.

3. Áætlun um áhættustjórnun vegna endurnotkunar vatns skal byggjast á öllum lykilþáttum áhættustjórnunar sem settir eru fram í II. viðauka. Í henni skal tilgreina áhættustjórnunarábyrgð stjórnanda endurheimtarstöðvar og annarra ábyrga aðila.

4. Í áætlun um áhættustjórnun vegna endurnotkunar vatns skal einkum:

- a) setja fram allar nauðsynlegar kröfur fyrir stjórnanda endurheimtarstöðvar, til viðbótar við þær sem eru tilgreindar í I. viðauka, í samræmi við B-lið II. viðauka til að milda enn frekar hvers konar áhættu framan við staðinn þar sem kröfurnar eru uppfylltar,
- b) tilgreina hættur, áhættur og viðeigandi forvarnarráðstafanir og/eða mögulegar ráðstafanir til úrbóta í samræmi við C-lið II. viðauka,
- c) tilgreina viðbótartálma í kerfinu til að endurnota vatn og setja fram hvers konar viðbótarkröfur sem eru nauðsynlegar aftan við staðinn þar sem kröfurnar eru uppfylltar til að tryggja að kerfið til að endurnota vatn sé öruggt, þ.m.t. skilyrði sem tengjast dreifingu, geymslu og notkun þegar við á, og tilgreina aðilana sem bera ábyrgð á að uppfylla þessar kröfur.

5. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 13. gr., til að breyta þessari reglugerð í því skyni að aðlaga lykilþætti áhættustjórnunar, sem settir eru fram í II. viðauka, að framförum í tækni og vísindum.

Framkvæmdastjórninni er einnig falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 13. gr., til að bæta við þessa reglugerð í því skyni að mæla fyrir um tækniforskriftir fyrir lykilþætti áhættustjórnunar sem settir eru fram í II. viðauka.

6. gr.

Skyldur fyrir leyfi að því er varðar endurheimt vatn

1. Framleiðsla og afhending á endurheimtu vatni sem ætlað er til áveitu í landbúnaði, eins og tilgreint er í 1. þætti I. viðauka, skal háð leyfi.

2. Ábyrgir aðilar í kerfinu til að endurnota vatn, þ.m.t. endanlegur notandi þar sem við á í samræmi við landslög, skulu leggja umsókn um leyfi eða um breytingu á fyrirbyggjandi leyfi fyrir lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem endurheimtarstöðin er starfrækt eða þar sem fyrirhugað er að starfrækja hana.

3. Í leyfinu skal fastsetja skyldur stjórnanda endurheimtarstöðvarinnar og, ef við á, allra annarra ábyrga aðila. Leyfið skal byggjast á áætlun um áhættustjórnun vegna endurnotkunar vatns og þar skal tilgreina m.a. eftirfarandi:

- a) gæðaflokk eða -flokka fyrir endurheimt vatn og til hvaða nota í landbúnaði, í samræmi við I. viðauka, endurheimta vatnið er leyft, notkunarstað, endurheimtarstöðvar og áætlað árlegt magn af endurheimtu vatni sem á að framleiða,

- b) skilyrði í tengslum við lágmarkskröfur vegna vatnsgæða og vöktunar sem settar eru fram í 2. þætti I. viðauka,

- c) hvers konar skilyrði í tengslum við viðbótarkröfur fyrir stjórnanda endurheimtarstöðvarinnar sem settar eru fram í áætlun um áhættustjórnun vegna endurnotkunar vatns,
- d) öll önnur skilyrði sem eru nauðsynleg til að útrýma sérhverri óviðunandi áhættu fyrir umhverfið og fyrir heilbrigði manna og dýra þannig að áhættan verði ekki meiri en svo að við megi una,
- e) gildistíma leyfisins,
- f) staðinn þar sem kröfurnar eru uppfylltar.

4. Í þeim tilgangi að meta umsókn skal lögbært yfirvald hafa samráð við og skiptast á viðeigandi upplýsingum við önnur viðkomandi yfirvöld, einkum vatns- og heilbrigðisyfirvöld ef þau eru önnur en lögbæra yfirvaldið, og alla aðra aðila sem lögbæra yfirvaldið telur að skipti máli.

5. Lögbært yfirvald skal ákveða án tafar hvort veita skuli leyfi. Ef lögbært yfirvald þarf meira en 12 mánuði, vegna þess hversu flókin umsóknin er, frá móttöku fullgerðrar umsóknar til að ákveða hvort veita eigi leyfið skal það senda umsækjandanum fyrirhugaða dagsetningu ákvörðunar sinnar.

6. Leyfi skulu endurskoðuð reglulega og skulu uppfærð ef nauðsyn krefur, a.m.k. í eftirfarandi tilvikum:

- a) það hafa orðið umtalsverðar breytingar á afköstum,
- b) búnaður hefur verið uppfærður,
- c) nýjum búnaði eða ferlum hefur verið bætt við eða
- d) það hafa orðið breytingar á veðurfarsskilyrðum eða öðrum skilyrðum sem hafa umtalsverð áhrif á vistfræðilegt ástand yfirborðsvatnshlota.

7. Aðildarríki geta krafist þess að geymsla, dreifing og notkun á endurheimtu vatni falli undir sérstakt leyfi í því skyni að beita viðbótarkröfum og tálum sem eru tilgreind í áætlun um áhættustjórnun vegna endurnotkunar vatns eins og um getur í 4. mgr. 5. gr.

7. gr.

Eftirlit með því að farið sé að tilskildum ákvæðum

1. Lögbært yfirvald skal sannreyna hvort farið er að skilyrðunum sem koma fram í leyfinu. Eftirlit með því að farið sé að tilskildum ákvæðum skal framkvæmt með eftirfarandi hætti:

- a) vettvangseftirlit,
- b) vöktunargögn útveguð, einkum samkvæmt þessari reglugerð,
- c) á annan fullnægjandi hátt.

2. Ef skilyrðin sem koma fram í leyfinu eru ekki uppfyllt skal lögbært yfirvald krefjast þess að stjórnandi endurheimtarstöðvarinnar og, ef við á, aðrir ábyrgir aðilar geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til að skilyrðin verði uppfyllt án tafar og upplýsi tafarlaust þá endanlegu notendur sem þetta hefur áhrif á.

3. Ef skilyrðin sem koma fram í leyfinu eru ekki uppfyllt og það skapar umtalsverða áhættu fyrir umhverfið eða fyrir heilbrigði manna eða dýra skal stjórnandi endurheimtarstöðvarinnar eða aðrir ábyrgir aðilar tafarlaust stöðva afhendingu endurheimts vatns tímabundið þangað til lögbært yfirvald, með því að fylgja verklagi sem er skilgreint í áætlun um áhættustjórnun vegna endurnotkunar vatns, hefur gengið úr skugga um, í samræmi við a-lið 2. þáttar I. viðauka, að aftur sé farið að skilyrðunum.

4. Ef atvik á sér stað sem hefur áhrif á uppfyllingu skilyrðanna sem koma fram í leyfinu skal stjórnandi endurheimtarstöðvarinnar eða aðrir ábyrgir aðilar tafarlaust upplýsa lögbært yfirvald og aðra aðila, sem geta hugsanlega orðið fyrir áhrifum, um það og senda lögbæra yfirvaldi þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að meta áhrifin af slíku atviki.

5. Lögbært yfirvald skal sannprófa reglulega að ábyrgir aðilar fari eftir þeim ráðstöfunum og verkefnum sem koma fram í áætlun um áhættustjórnun vegna endurnotkunar vatns.

8. gr.

Samstarf aðildarríkja

1. Ef endurnotkun vatns skiptir máli yfir landamæri skulu aðildarríki tilnefna tengilið í þeim tilgangi að eiga samstarf við tengiliði og lögbær yfirvöld annarra aðildarríkja, eins og við á, eða skulu nota skipulag, sem þegar er fyrir hendi, sem fylgir alþjóðasamningum.

Hlutverk tengiliða eða skipulags, sem þegar er fyrir hendi, skal vera að:

- a) taka á móti og senda beiðnir um aðstoð,
- b) veita aðstoð, að fenginni beiðni, og
- c) samræma samskipti milli lögbærra yfirvalda.

Áður en lögbær yfirvöld veita leyfi skulu þau skiptast á upplýsingum um skilyrðin, sem sett eru fram í 3. mgr. 6. gr., við tengiliðinn í aðildarríkinu þar sem ætlunin er að nota endurheimta vatnið.

2. Aðildarríki skulu bregðast við beiðnum um aðstoð án ástæðulausrar tafar.

9. gr.

Upplýsingar og vitundarvakning

Sparnaður vatnsauðlinda sem leiðir af endurnotkun vatns skal vera viðfangsefni almennra herferða til vitundarvakningar í aðildarríkjum þar sem endurheimt vatn er notað til áveitu í landbúnaði. Slíkar herferðir geta náð yfir það að koma á framfæri ávinningum af öruggri endurnotkun vatns.

Þessi aðildarríki geta einnig komið á upplýsingaherferðum fyrir endanlega notendur til að tryggja ákjósanlegustu og örugga notkun á endurheimtu vatni og tryggt þar með öfluga vernd fyrir umhverfið og fyrir heilbrigði manna og dýra.

Aðildarríki geta aðlagð slíkar upplýsinga- og vitundarvakningarherferðir að umfangi endurnotkunar vatns.

10. gr.

Upplýsingar fyrir almenning

1. Með fyrirvara um tilskipanir 2003/4/EB og 2007/2/EB skulu aðildarríki, þar sem endurheimt vatn er notað til áveitu í landbúnaði eins og tilgreint er í 1. þætti I. viðauka við þessa reglugerð, tryggja að fullnægjandi og uppfærðar upplýsingar um endurnotkun vatns séu aðgengilegar almenningi á Netinu eða eftir öðrum leiðum. Þessar upplýsingar skulu innihalda eftirfarandi:

- a) magn og gæði endurheimts vatns sem er afhent í samræmi við þessa reglugerð,
- b) hlutfall endurheimts vatns í aðildarríkjum sem er afhent í samræmi við þessa reglugerð samanborið við heildarmagn hreinsaðs skólps frá þéttbýli, ef slík gögn eru tiltæk,
- c) leyfi sem eru veitt eða er breytt í samræmi við þessa reglugerð, þ.m.t. skilyrði sem lögbær yfirvöld setja í samræmi við 3. mgr. 6. gr. þessarar reglugerðar,
- d) niðurstöður úr öllu eftirliti með því að farið sé að tilskildum ákvæðum, sem innt er af hendi í samræmi við 1. mgr. 7. gr. þessarar reglugerðar,
- e) tengiliði sem eru tilnefndir í samræmi við 1. mgr. 8. gr. þessarar reglugerðar.

2. Upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., skulu uppfærðar á tveggja ára fresti.

3. Aðildarríki skulu tryggja að hvers konar ákvarðanir, sem eru teknar í samræmi við 2. mgr. 2. gr., séu gerðar aðgengilegar almenningi á Netinu eða eftir öðrum leiðum.

*11. gr.***Upplýsingar um vöktun framkvæmdar**

1. Með fyrirvara um tilskipanir 2003/4/EB og 2007/2/EB skulu aðildarríki, þar sem endurheimt vatn er notað til áveitu í landbúnaði eins og tilgreint er í 1. þætti I. viðauka við þessa reglugerð, með aðstoð Umhverfisstofnunar Evrópu:
 - a) koma á fót og birta, eigi síðar en 26. júní 2026 og uppfæra á sex ára fresti eftir það, gagnasafn sem inniheldur upplýsingar um útkomuna úr eftirlitinu með því að farið sé að tilskildum ákvæðum, sem innt er af hendi í samræmi við 1. mgr. 7. gr. þessarar reglugerðar, og aðrar upplýsingar sem á að gera aðgengilegar almenningi á Netinu eða eftir öðrum leiðum í samræmi við 10. gr. þessarar reglugerðar,
 - b) koma á fót, birta og uppfæra á hverju ári eftir það gagnasafn sem inniheldur upplýsingar um tilvik þar sem skilyrðin sem koma fram í leyfinu eru ekki uppfyllt, sem var safnað í samræmi við 1. mgr. 7. gr. þessarar reglugerðar, og upplýsingar um þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til í samræmi við 2. og 3. mgr. 7. gr. þessarar reglugerðar.
2. Aðildarríki skulu tryggja að framkvæmdastjórnin, Umhverfisstofnun Evrópu og Sóttvarnastofnun Evrópu hafi aðgang að gagnasöfnunum sem um getur í 1. mgr.
3. Umhverfisstofnun Evrópu skal, á grundvelli gagnasafnanna sem um getur í 1. mgr. og í samráði við aðildarríki, taka saman, birta og uppfæra reglulega, eða að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, yfirlit sem tekur til alls Sambandsins. Þetta yfirlit skal innihalda, eins og við á, vísa fyrir afrakstur, niðurstöður og áhrif þessarar reglugerðar, kort og skýrslur aðildarríkja.
4. Framkvæmdastjórninni er heimilt, með framkvæmdargerðum, að mæla fyrir um ítarlegar reglur er varða snið og framsetningu upplýsinga sem á að leggja fram í samræmi við 1. mgr. sem og um ítarlegar reglur sem varða snið og framsetningu yfirlitsins, sem tekur til alls Sambandsins, sem um getur í 3. mgr. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 14. gr.
5. Eigi síðar en 26. júní 2022 skal framkvæmdastjórnin, í samráði við aðildarríkin, fastsetja leiðbeiningar til að styðja við beitingu þessarar reglugerðar.

*12. gr.***Mat og endurskoðun**

1. Framkvæmdastjórnin skal framkvæma mat á þessari reglugerð eigi síðar en 26. júní 2028. Matið skal byggjast á a.m.k. eftirfarandi:
 - a) reynslu sem fengist hefur af framkvæmd þessarar reglugerðar,
 - b) gagnasöfnum sem aðildarríki hafa komið á fót, í samræmi við 1. mgr. 11. gr., og yfirliti, sem tekur til alls Sambandsins, sem Umhverfisstofnun Evrópu tekur saman í samræmi við 3. mgr. 11. gr.,
 - c) viðeigandi vísindagögnum, greiningargögnum og faraldsfræðilegum gögnum,
 - d) tæknilegri og vísindalegri þekkingu,
 - e) ráðleggingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, ef þær liggja fyrir, eða öðrum alþjóðlegum leiðbeiningum eða ISO-stöðlum.
2. Við framkvæmd matsins skal framkvæmdastjórnin gefa sérstakan gaum að eftirfarandi þáttum:
 - a) lágmarkskröfum sem settar eru fram í I. viðauka,
 - b) lykilþáttum áhættustjórnunar sem settir eru fram í II. viðauka,
 - c) viðbótarkröfum sem lögðar yfirvöld hafa fastsett skv. c- og d-lið 3. mgr. 6. gr.,
 - d) áhrifum af endurnotkun vatns á umhverfið og á heilbrigði manna og dýra, þ.m.t. áhrif efna sem gefa tilefni til áhyggna.
3. Framkvæmdastjórnin skal, sem hluti af matinu, meta hagkvæmni þess að:
 - a) rýmka gildissvið þessarar reglugerðar svo hún nái yfir endurheimt vatn sem er ætlað til frekari sértækrar notkunar, þ.m.t. endurnotkun í iðnaðarskyni,

- b) útvíkka kröfurnar í þessari reglugerð þannig að þær nái yfir óbeina notkun á hreinsuðu skólpi.
4. Framkvæmdastjórninni er heimilt að kanna þörfina á að endurskoða lágmarkskröfurnar, sem settar eru fram í 2. þætti I. viðauka, á grundvelli niðurstaðna út matinu eða hvenær sem ný tæknileg og vísindaleg þekking útheimtir slíkt.
5. Framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem við á, leggja fram tillögu að nýrri löggjöf til að breyta þessari reglugerð.

13. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.
2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 5. mgr. 5. gr., í fimm ár frá 25. júní 2020. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um valdaframsalið eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Valdaframsalið skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.
3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 5. mgr. 5. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framselda gerða sem þegar eru í gildi.
4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.
5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.
6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 5. mgr. 5. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

14. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem komið er á fót samkvæmt tilskipun 2000/60/EB. Nefnd þessi skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Skili nefndin ekki álitni skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

15. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn þessari reglugerð og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif. Eigi síðar en 26. júní 2024 skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni um umræddar reglur og ráðstafanir og skulu tilkynna henni án tafar um síðari breytingar á þeim.

16. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 26. júní 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. maí 2020.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

D. M. SASSOLI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

A. METELKO-ZGOMBIĆ

forseti.

I. VIÐAUKI

NOTKUN OG LÁGMARKSKRÖFUR

1. þáttur

Notkun á endurheimtu vatni

Áveita í landbúnaði

Áveita í landbúnaði merkir áveita á eftirtaldar tegundir nytjaplantna:

- nytjaplöntur til matar sem eru borðaðar hráar, þ.e.a.s. nytjaplöntur sem eru ætlaðar til manneldis, í hráu eða óunnu ástandi,
- unnar nytjaplöntur til matar, þ.e.a.s. nytjaplöntur sem eru ætlaðar til manneldis eftir meðhöndlunarferli (þ.e. eldaðar eða iðnaðarunnar),
- nytjaplöntur sem eru ekki til matar, þ.e.a.s. nytjaplöntur sem eru ekki ætlaðar til manneldis (t.d. bithagar og fóðurlurtir, trefjar, til skrauts, fræ, orku- og grasplöntur).

Með fyrirvara um önnur lög Sambandsins sem skipta máli á sviði umhverfis og heilbrigðis er aðildarríkjum heimilt að nota endurheimt vatn til frekari notkunar, s.s.:

- endurnotkunar vatns í iðnaði og
- til afþreyingar- eða umhverfisnota.

2. þáttur

Lágmarkskröfur

Lágmarkskröfur sem gilda um endurheimt vatn sem er ætlað til áveitu í landbúnaði

Gæðaflokkar fyrir endurheimt vatn og leyfð notkun og aðferðir við áveitu fyrir hvern flokk eru sett fram í töflu 1. Lágmarkskröfur vegna vatnsgæða eru settar fram í a-lið töflu 2. Lágmarkstíðni og frammistöðumarkmið fyrir vöktun á endurheimtu vatni eru sett fram í töflu 3 (venjubundin vöktun) og b-lið töflu 4 (sannreiningarvöktun).

Nytjaplöntur sem tilheyra tilteknum flokki skulu vökvaðar með endurheimtu vatni í samsvarandi lágmarksgæðaflokki fyrir endurheimt vatn, sem settur er fram í töflu 1, nema notaðir séu viðeigandi viðbótartálmar, eins og um getur í c-lið 4. mgr. 5. gr., sem leiða til þess að gæðakröfurnar, sem settar eru fram í a-lið töflu 2, eru uppfylltar. Slíkir viðbótartálmar mega grundvallast á viðmiðunarskránni yfir forvarnarráðstafanir sem um getur í 7. lið II. viðauka eða í öðrum jafngildum landsbundnum eða alþjóðlegum stöðlum, t.d. staðlinum ISO 16075-2.

Tafla 1 – Gæðaflokkar fyrir endurheimt vatn og leyfð notkun í landbúnaði og aðferð við áveitu

Lágmarksgæða-flokkur fyrir endurheimt vatn	Nytjaplöntuflokkur (*)	Aðferð við áveitu
A	Allar nytjaplöntur til matar sem eru borðaðar hráar ef æti hlutinn kemst í beina snertingu við endurheimt vatn og rótarávaxtaþlöntur sem eru borðaðar hráar	Allar aðferðir við áveitu
B	Nytjaplöntur til matar sem eru borðaðar hráar ef æti hlutinn er framleiddur ofanjarðar og kemst ekki í beina snertingu við endurheimt vatn, unnar nytjaplöntur til matar og nytjaplöntur sem eru ekki til matar, þ.m.t. nytjaplöntur sem eru notaðar til að fóðra dýr sem gefa af sér mjólk eða kjöt til manneldis	Allar aðferðir við áveitu
C	Nytjaplöntur til matar sem eru borðaðar hráar ef æti hlutinn er framleiddur ofanjarðar og kemst ekki í beina snertingu við endurheimt vatn, unnar nytjaplöntur til matar og nytjaplöntur sem eru ekki til matar, þ.m.t. nytjaplöntur sem eru notaðar til að fóðra dýr sem gefa af sér mjólk eða kjöt til manneldis	Dreypivökvun (**) eða önnur aðferð við áveitu þar sem komist er hjá beinni snertingu við ætan hluta uppskerunnar

Lágmarksgæða- flokkur fyrir endurheimt vatn	Nytjaplöntuflokkur (*)	Aðferð við áveitu
D	Iðnaðar-, orku- og sáningarplöntur	Allar aðferðir við áveitu (***)

(*) Ef sama tegund vökvaðrar nytjaplöntu fellur undir marga flokka í töflu 1 skulu kröfurnar í strangasta flokknum gilda.

(**) Dreypivökvun er öráveitukerfi sem getur dreift vatnsdropum eða smárennsli á plönturnar og felur í sér að vatni er dreift á jarðveginn eða beint undir yfirborð hans í mjög litlu magni (2–20 lítrar á klukkustund) úr kerfi með plaströrum með litið þvermál sem eru búin útföllum sem eru kölluð losarar eða dreyparar (e. *dripper*).

(***) Ef um er að ræða aðferðir við áveitu sem líkja eftir rigningu ætti að gefa sérstakan gaum að því að vernda heilsu starfsmanna eða vegfarenda. Í þessum tilgangi skal beita viðeigandi forvarnarráðstöfunum.

a) Lágmarkskröfur vegna vatnsgæða

Tafla 2 – Gæðakröfur fyrir endurheimt vatn til áveitu í landbúnaði

Gæðaflokkur fyrir endurheimt vatn	Leiðbeinandi tæknimarkmið	Gæðakröfur				
		<i>E. coli</i> (fjöldi/100 ml)	BOD ₅ (mg/l)	TSS (mg/l)	Grugg (NTU)	Annað
A	Önnur hreinsun, síun og sótthreinsun	≤ 10	≤ 10	≤ 10	≤ 5	<i>Legionella</i> spp.: < 1 000 cfu/l ef það er hætt á úðamyndun Þráðormar í meltingarfærum (egg sníkju-orma) ≤ 1 egg/l að því er varðar vökvun á bithögum eða fóðurjurtum
B	Önnur hreinsun og sótthreinsun	≤ 100	Í samræmi við tilskipun 91/271/EBE (I. viðauki, tafla 1)	Í samræmi við tilskipun 91/271/EBE (I. viðauki, tafla 1)	-	
C	Önnur hreinsun og sótthreinsun	≤ 1 000			-	
D	Önnur hreinsun og sótthreinsun	≤ 10 000			-	

Litið skal svo á að endurheimt vatn sé í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í töflu 2 ef mælingar á þessu endurheimta vatni uppfylla allar eftirfarandi viðmiðanir:

- tilgreind gildi fyrir kólígerla (*E. coli*), *Legionella* spp. og þráðorma í meltingarfærum eru uppfyllt í 90% sýna eða meira; í sýnunum fara engin gildi yfir hámarksfráviksgildi sem nemur 1 lograeiningu frá tilgreinda gildinu fyrir kólígerla og *Legionella* spp. og 100% af tilgreinda gildinu fyrir þráðorma í meltingarfærum,
- tilgreind gildi fyrir BOD₅ (lifræn súrefnisþörf), TSS (heildarmagn svifagna) og grugg í flokki A eru uppfyllt í 90% sýna eða meira; í sýnunum fara engin gildi yfir hámarksfráviksgildi sem nemur 100% af tilgreinda gildinu.

b) Lágmarkskröfur vegna vöktunar

Stjórnendur endurheimtarstöðva skulu inna af hendi venjubundna vöktun til að sannprófa að endurheimt vatn sé í samræmi við lágmarkskröfur um vatnsgæði sem settar eru fram í a-lið. Venjubundin vöktun skal tekin inn í sannprófunaraðferðir í kerfinu til að endurnota vatn.

Sýni sem á að nota til að sannprófa að farið sé að örverufræðilegum breytum á staðnum þar sem kröfurnar eru uppfylltar skulu tekin í samræmi við staðalinn EN ISO 19458 eða aðra landsbundna eða alþjóðlega staðla sem tryggja jafngild gæði.

Tafla 3 – Lágmarkstíðni venjubundinnar vöktunar á endurheimtu vatni til áveitu í landbúnaði

	Lágmarksvöktunartíðni					
Gæðaflokkur fyrir endurheimt vatn	<i>E. coli</i>	BOD ₅	TSS	Grugg	<i>Legionella</i> spp. (þar sem við á)	Þráðormar í meltingarfærum (þar sem við á)
A	Einu sinni í viku	Einu sinni í viku	Einu sinni í viku	Samfelld	Tvisvar í mánuði	Tvisvar í mánuði eða eins og stjórnandi endurheimtarstöðvarinnar fastsetur samkvæmt fjölda eggja í því skólpi sem kemur inn í endurheimtarstöðina
B	Einu sinni í viku	Í samræmi við tilskipun 91/271/EEB (I. viðauki, D-þáttur)	Í samræmi við tilskipun 91/271/EEB (I. viðauki, D-þáttur)	-		
C	Tvisvar í mánuði			-		
D	Tvisvar í mánuði			-		

Sannreyningarvöktun skal innt af hendi áður en ný endurheimtarstöð er tekin í notkun.

Endurheimtarstöðvar sem eru þegar í rekstri og sem uppfylla gæðakröfur fyrir endurheimt vatn, sem settar eru fram í a-lið töflu 2, 25. júní 2020 skulu undanþegnar sannreyningarvöktunarskyldunni.

Þó skal inna af hendi sannreyningarvöktun í öllum tilvikum þegar búnaður er uppfærður og ef nýjum búnaði eða ferlum er bætt við.

Sannreyningarvöktun skal innt af hendi fyrir þá gæðaflokka fyrir endurheimt vatn þar sem kröfurnar eru strangastar, A-flokkur, til að meta hvort frammistöðumarkmiðin ($\log_{10}$ -minnkun) eru uppfyllt. Sannreyningarvöktun skal fela í sér vöktun á vísiörverum sem tengjast hverjum hópi sjúkdómsvaldandi örvera, þ.e.a.s. bakteríum, veirum og frumdýrum. Valdar vísiörverur eru kólígerlar fyrir sjúkdómsvaldandi bakteríur, F-sértækar kólíabakteríuveirur, sómatískar kólíabakteríuveirur eða kólíabakteríuveirur fyrir sjúkdómsvaldandi veirur og gró *Clostridium perfringens* eða grómyndandi súlfatoxandi bakteríur fyrir frumdýr. Frammistöðumarkmið ($\log_{10}$ -minnkun) fyrir sannreyningarvöktun á völdum vísiörverum eru sett fram í töflu 4 og skulu uppfyllt á staðnum þar sem kröfurnar eru uppfylltar, að teknu tilliti til styrkleika í óunnu skólpi sem kemur inn í skólphreinsistöð sem hreinsar skólp frá þéttbýli. Að minnsta kosti 90% af sannreyningarsýnum skulu ná eða fara yfir frammistöðumarkmiðin.

Ef líffræðilegur vísir er ekki fyrir hendi í nægu magni í óunnu skólpi til að ná fram $\log_{10}$ -minnkun skal líta svo á að fyrst slíkur líffræðilegur vísir er ekki fyrir hendi í endurheimtu vatni séu sannreyningarkröfurnar uppfylltar. Staðfesta má að frammistöðumarkmiðið sé uppfyllt með greiningareftirliti, með því að bæta við þann árangur sem hverju stigi hreinsunar er úthlutað á grundvelli vísindabekkingar fyrir staðlaða rótgróna ferla, s.s. birt gögn úr prófunarskýrslum eða raundæmarannsóknunum, eða með prófunum á rannsóknarstofu við stýrð skilyrði að því er varðar nýstárlega hreinsun.

Tafla 4 – Sannreyningarvöktun á endurheimtu vatni til áveitu í landbúnaði

Gæðaflokkur fyrir endurheimt vatn	Vísiörverur (*)	Frammistöðumarkmið fyrir hreinsunardeðjuna ($\log_{10}$ -minnkun)
A	<i>E. coli</i>	$\geq 5,0$
	Kólíabakteríuveirur samtals/F-sértækar kólíabakteríuveirur/sómatískar kólíabakteríuveirur/kólíabakteríuveirur (**)	$\geq 6,0$
	Gró <i>Clostridium perfringens</i> /grómyndandi súlfatoxandi bakteríur (***)	$\geq 4,0$ (ef um er að ræða gró <i>Clostridium perfringens</i>) $\geq 5,0$ (ef um er að ræða grómyndandi súlfatoxandi bakteríur)

(*) Einnig er hægt að nota sjúkdómsvaldandi viðmiðunarörverurnar kampýlóbakter, rótaveiru og *Cryptosporidium* til sannreyningarvöktunar í stað tillagðra vísiörvera. Eftirfarandi frammistöðumarkmið um $\log_{10}$ -minnkun skulu síðan gilda: Kampýlóbakter ($\geq 5,0$), rótaveira ($\geq 6,0$) og *Cryptosporidium* ($\geq 5,0$).

(**) Kólíabakteríuveirur samtals er valinn sem sá mælikvarði á veirur sem á best við. Ef greining á kólíabakteríuveirum samtals er ekki möguleg skal greina a.m.k. eina þeirra (F-sértækar eða sómatískar kólíabakteríuveirur).

(***) Gró *Clostridium perfringens* er valinn sem sá mælikvarði á frumdýr sem á best við. Grómyndandi súlfatoxandi bakteríur eru þó staðgöngukostur ef samsöfnun gróa *Clostridium perfringens* gerir það ókleift að sannreyna $\log_{10}$ -fjarlæginguna sem farið var fram á.

Greiningaraðferðir vegna vöktunar skulu fullgiltar og skjalfestar í samræmi við staðalinn EN ISO/IEC-17025 eða aðra landsbundna eða alþjóðlega staðla sem tryggja jafngild gæði.

II. VIÐAUKI

A) Lykilþættir áhættustjórnunar

Áhættustjórnun skal samanstanda af greiningu og stjórnun áhættu með fyrirbyggjandi hætti til að tryggja að endurheimt vatn sé notað og því stjórnað með öruggum hætti og að engin hætta sé á ferðum fyrir umhverfið eða fyrir heilbrigði manna eða dýra. Í þeim tilgangi skal koma á fót áætlun um áhættustjórnun vegna endurnotkunar vatns á grundvelli eftirfarandi þátta:

1. Lýsing á öllu kerfinu til að endurnota vatn frá því að skólpið kemur inn í skólphreinsistöð sem hreinsar skólp frá þéttbýli til notkunarstaðarins, þ.m.t. upptök skólpsins, stig hreinsunar og tækni sem er notuð í endurheimtarstöðinni, grunnvirki afhendingar, dreifingar og geymslu, fyrirhuguð notkun, staður og tímabil notkunar (t.d. notkun tímabundið eða í einstöku tilviki), aðferð við áveitu, tegund nytjaplöntu, aðrar vatnslindir ef fyrirhugað er að nota blöndu og magn endurheimts vatns sem á að afhenda.
2. Auðkenning á öllum aðilum sem taka þátt í kerfinu til að endurnota vatn og greinargóð lýsing á hlutverkum þeirra og ábyrgð.
3. Greining á hugsanlegum hættum, einkum tilvist mengunarvalda og sjúkdómsvaldandi örvera, og möguleikinn á hættulegum atburðum, s.s. að hreinsun mistekst eða að það lekur fyrir slysi, eða mengun í kerfinu til að endurnota vatn.
4. Greining á umhverfi og íbúum, sem eru í hættu, og váhrifaleiðum fyrir hugsanlegar hættur sem hafa komið í ljós, að teknu tilliti til sérstakra umhverfislegra þátta, s.s. staðbundinnar vatnajarðfræði, staðfræðilegra rannsókna, jarðvegsgerðar og vistfræði, og þátta sem tengjast tegundum nytjaplantna og aðferðum við búskap og áveitu. Tekin eru til athugunar möguleg neikvæð áhrif af vatnsendurheimtaraðgerðum, sem ganga ekki til baka eða eru til langs tíma, á umhverfi og heilsu, stutt með rannsóknaniðurstöðum.
5. Mat á áhættum fyrir umhverfið og fyrir heilbrigði manna og dýra, að teknu tilliti til eðlis hugsanlegrar hættu sem greinst hefur, tímalengdar fyrirhugaðrar notkunar, umhverfis og íbúa sem komið hefur í ljós að eru í hættu vegna váhrifa frá þessum hættum og hversu alvarleg möguleg áhrif af þessum hættum eru með tilliti til varúðarreglunnar, sem og til allrar löggjafar Sambandsins og landslöggjafar sem skiptir máli, leiðbeiningarskjala og lágmarkskrafna í tengslum við matvæli og föður og öryggi starfsmanna. Áhættumatið getur byggst á endurskoðun á fyrirliggjandi vísindalegum rannsóknum og gögnum.

Áhættumatið skal samanstanda af eftirfarandi þáttum:

- a) mat á áhættum fyrir umhverfið, þ.m.t. allt eftirfarandi:
 - i. staðfesting á eðli hættunnar, þ.m.t., þar sem við á, núlláhrifagildið sem spáð er,
 - ii. mat á mögulegu útbreiðslusvæði váhrifa,
 - iii. lýsing á eiginleikum áhættunnar,
- b) mat á áhættum fyrir heilbrigði manna og dýra, þ.m.t. allt eftirfarandi:
 - i. staðfesting á eðli hættunnar, þ.m.t., þar sem við á, tengsl milli skammts og svörunar,
 - ii. mat á mögulegu útbreiðslusvæði skammts eða váhrifa,
 - iii. lýsing á eiginleikum áhættunnar.

Áhættumatið má framkvæma með því að nota eigindlegt eða hálfmegindlegt áhættumat. Nota skal megindlegt áhættumat þegar fyrir hendi eru nægileg gögn til stuðnings eða í verkefnum sem hafa hugsanlega í för með sér mikla áhættu fyrir umhverfi eða lýðheilsu.

Að lágmarki skal taka tillit til eftirfarandi krafna og skuldbindinga í áhættumatinu:

- a) kröfunnar um að draga úr og koma í veg fyrir mengun vatns af völdum nitrata í samræmi við tilskipun 91/676/EBE,
- b) skuldbindingarinnar varðandi vernduð svæði fyrir neysluvatn til að uppfylla kröfurnar í tilskipun 98/83/EB,
- c) kröfunnar um að uppfylla almennu umhverfismarkmiðin sem sett eru fram í tilskipun 2000/60/EB,

- d) kröfunnar um að koma í veg fyrir mengun grunnvatns í samræmi við tilskipun 2006/118/EB,
- e) kröfunnar um að uppfylla umhverfisgæðakröfur fyrir forgangsefni og tiltekin önnur mengunarefni sem mælt er fyrir um í tilskipun 2008/105/EB,
- f) kröfunnar um að uppfylla umhverfisgæðakröfur fyrir mengunarvalda sem hafa landsbundna þýðingu, þ.e.a.s. sérstakir mengunarvaldar fyrir vatnasvið sem mælt er fyrir um í tilskipun 2000/60/EB,
- g) kröfunnar um að uppfylla gæðastaðla fyrir vatn til baða sem mælt er fyrir um í tilskipun 2006/7/EB,
- h) krafanna um verndun umhverfisins, einkum jarðvegs, þegar seyra frá skólphreinsistöðvum er notuð í landbúnaði samkvæmt tilskipun 86/278/EBE,
- i) krafanna um hollustuhætti sem varða matvæli, eins og mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 852/2004, og leiðbeininganna í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um leiðbeiningarskjal til að takast á við örverufræðilega áhættu í nýjum aldinum og grænmeti í frumframleiðslu með góðum hollustuháttum,
- j) krafanna um hollustuhætti sem varða fóður sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 183/2005,
- k) kröfunnar um að fara að viðeigandi örverufræðilegum viðmiðunum sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 2073/2005,
- l) krafanna varðandi hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaeftir í matvælum sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 1881/2006,
- m) krafanna varðandi hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 396/2005,
- n) krafanna varðandi dýraheilbrigði sem settar eru fram í reglugerðum (EB) nr. 1069/2009 og (ESB) nr. 142/2011.

B) Skilyrði sem varða viðbótarkröfur

6. Teknar eru til athugunar kröfur varðandi vatnsgæði og vöktun sem eru til viðbótar við eða eru strangari en þær sem eru tilgreindar í 2. þætti I. viðauka, eða hvort tveggja, þegar nauðsyn krefur og við á til að tryggja fullnægjandi vernd umhverfisins og heilbrigðis manna og dýra, einkum þegar ótvíræðar rannsóknaniðurstöður sýna að áhættan stafar frá endurheimtu vatni en ekki frá öðrum upptökum.

Með hliðsjón af niðurstöðu úr áhættumatinu sem um getur í 5. lið geta slíkar viðbótarkröfur einkum varðað:

- a) þungmálma,
- b) varnarefni,
- c) aukaafurðir sótthreinsunar,
- d) lyf,
- e) önnur efni sem áhyggjur hafa vaknað um, þ.m.t. örmengunarefni og örplast,
- f) þol gegn sýkingalyfjum.

C) Forvarnarráðstafanir

7. Tilgreining á forvarnarráðstöfunum sem eru þegar fyrir hendi eða sem ætti að gera til að takmarka áhættur þannig að unnt sé að stjórna öllum áhættum sem greinst hafa á fullnægjandi hátt. Gefa skal sérstakan gaum að vatnshlotum sem eru notuð til neysluvatnstöku og viðkomandi verndarsvæðum.

Slíkar forvarnarráðstafanir geta náð yfir:

- a) aðgangsstýringu,
- b) viðbótarráðstafanir til sótthreinsunar eða til að fjarlægja mengunarvalda,
- c) sérstaka tækni til áveitu sem mildar áhættuna á myndun úða, (t.d. dreypivökvun),
- d) sértækar kröfur um vökvunarbúnað (t.d. hámarksvindhraða, fjarlægð milli úðara og viðkvæmra svæða),

- e) sértækar kröfur um landbúnaðarsvæði (t.d. halla, vatnsmettun akra og karstsvæði),
- f) að stuðla að dauða sjúkdómsvaldandi örvera fyrir uppskeru,
- g) að fastsetja lágmarksöryggisfjarlægðir (t.d. frá yfirborðsvatni, þ.m.t. vatnslindir fyrir búfé, eða starfsemi s.s. lagareldi, fiskeldi, skelfiskræktun, sund og önnur starfsemi í vatni),
- h) að setja upp skilti á áveitusvæðum þar sem tilgreint er að notað sé endurheimt vatn og að það henti ekki til drykkjar.

Sértækar forvarnarráðstafanir sem geta skipt máli eru settar fram í töflu 1.

Tafla 1 – Sérstakar forvarnarráðstafanir

Gæðaflokkur fyrir endurheimt vatn	Sérstakar forvarnarráðstafanir
A	— Svín mega ekki komast í snertingu við fóður sem hefur verið vökvað með endurheimtu vatni nema nægileg gögn séu fyrir hendi til að sýna að unnt sé að stjórna áhættunni í tilteknu tilviki.
B	— Bann við því að uppskera afurðir sem eru ennþá blautar eftir vökvun eða eru fallnar. — Mjólkandi mjólkurkýr eru útilokaðar frá bithaganum þangað til hann er orðinn þurr. — Fóður verður að hafa verið þurrkað eða votheysverkað fyrir þökkun. — Svín mega ekki komast í snertingu við fóður sem hefur verið vökvað með endurheimtu vatni nema nægileg gögn séu fyrir hendi til að sýna að unnt sé að stjórna áhættunni í tilteknu tilviki.
C	— Bann við því að uppskera afurðir sem eru ennþá blautar eftir vökvun eða eru fallnar. — Beitarðyr eru útilokuð frá bithaga í fimm daga eftir síðustu vökvun. — Fóður verður að hafa verið þurrkað eða votheysverkað fyrir þökkun. — Svín mega ekki komast í snertingu við fóður sem hefur verið vökvað með endurheimtu vatni nema nægileg gögn séu fyrir hendi til að sýna að unnt sé að stjórna áhættunni í tilteknu tilviki.
D	— Bann við því að uppskera afurðir sem eru ennþá blautar eftir vökvun eða eru fallnar.

8. Fullnægjandi gæðastýringarkerfi og verklag, þ.m.t. vöktun á endurheimtu vatni m.t.t. viðeigandi breytna, og fullnægjandi viðhaldsáætlanir varðandi búnað.

Mælt er með því að stjórnandi endurheimtarstöðvar komi á og viðhaldi gæðastjórnunarkerfi sem er vottað samkvæmt staðlinum ISO 9001 eða jafngildi hans.

9. Umhverfiseftirlitskerfi til að tryggja að endurgjöf fáið frá vöktuninni og að allir ferlar og verklag séu sannreynð á viðeigandi hátt og skjalfest.
10. Viðeigandi kerfi til að bregðast við atvikum og neyðartilvikum, þ.m.t. verklag til að upplýsa alla viðkomandi aðila um slík atvik á viðeigandi hátt, og reglulegar uppfærslur á neyðaráætlun.

Aðildarríki geta notað fyrirliggjandi alþjóðlegar leiðbeiningar eða staðla, s.s. ISO 20426:2018 Guidelines for health risk assessment and management for non-potable water reuse, ISO 16075:2015 Guidelines for treated waste water use for irrigation projects or other equivalent standards accepted at international level eða leiðbeiningar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem tæki til kerfisbundinnar greiningar á hættum, til að meta áhættu og stjórna henni, byggt á forgangsnálgun sem beitt er í allri keðjunni (frá hreinsun á skólpi frá þéttbýli til endurnotkunar, til dreifingar og nýtingar til áveitu í landbúnaði, til eftirlits með áhrifunum) ásamt staðarsértæku áhættumati.

11. Tryggja að samræmingaraðferðum sé komið á milli mismunandi aðila til að tryggja örugga framleiðslu og notkun á endurheimtu vatni.